



## **Haustþing Bandalags íslenskra græðara 2005**

Haldið í Baðstofunni, Prestastíg 7, Reykjavík, 22. september 2005

### **1. Þingsetning**

Formaður bandalagsins, Anna Birna Ragnarsdóttir, setti þingið kl. 19:30 og lýsti yfir að löglega væri til þess boðað.

### **2. Kosning þingforseta og þingritara**

Þingforseti var kjörin Hallfríður María Pálsdóttir og þingritari Birna Imsland.

### **3. Fundargerð**

Eftir að þingmenn kynntu sig las þingforseti þá tvo liði úr fundargerð ársþings 2005 sem vörðudu þetta aukaping; 10. lið um kosningu formanns og úr 12. lið um inntökubeiðni Shiatsufélags Íslands í BÍG.

### **4. Skýrsla formanns**

Settur formaður, Anna Birna Ragnarsdóttir, lýsti starfinu frá því hún tók við fyrir 3 mánuðum. Hún lýsti stöðunni í vinnu við skráningarkerfi fyrir græðara og minnti græðara á þolinmæði meðan aðilar samræmdu störf sín, en auk BÍG eru það Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Ríkisskattstjóri og tryggingafélög. Hún ítrekaði að allir sem starfa að málum þessum eru mjög áfram um að vel takist til.

Anna Birna lauk máli sínu með því að bjóða sig fram til áframhaldandi starfa sem formaður bandalagsins.

### **5. Kosning formanns**

Anna Birna Ragnarsdóttir var ein í framboði og því sjálfkjörin.

### **6. Inntaka Shiatsufélags Íslands**

Á síðasta ársþingi sótti Shiatsufélag Íslands um aðild að BÍG en þar sem félagsmennirnir voru einungis þrír og þar af gegndi einn tveimur hlutverkum sem stönguðust á, var félaginu veitt innganga í bandalagið með fyrirvara um að þetta vandamál yrði leyst. Síðan þá höfðu fleiri gengið í félagið og er stjórn nú skipuð þremur félagsmönnum og síðanefnd einum sem er utan stjórnar. Þingmenn samþykktu einróma að veita félaginu inngöngu í BÍG.

### **7. Kynning á NSK-þingi**

Anne May Sæmundsdóttir lýsti undirbúningi NSK-þingsins, sem haldið verður hérlendis í haust. Undirbúningsnefndin er langt komin með vinnu sína, bæði að dagskrá ráðstefnunnar um daginn og 5 ára afmælishátíð BÍG um kvöldið. Anne May hefur því getað einbeitt sér að undirbúningi fundar NSK, sem fram fer samtímis

ráðstefnunni, en huga þarf að fundinum sjálfum, húsnæði, gistingu og skemmtidagskrá fyrir hina norrænu gesti. Hún sagði að m.a. yrði fjallað um Evrópusamtök græðara, sem yrði spennandi, þar sem Danir, Norðmenn og Íslendingar séu nú komnir með gæðatryggingakerfi og slíkt sé einnig væntanlegt í Svíþjóð.

Næsti NSK-fundur þar á eftir verður haldinn mánaðamótin mars-apríl 2006 í Finnlandi.

## 8. Önnur mál

Anna Birna lýsti stuttlega umsóknum um styrki vegna vinnu við skráningarkerfið.

Töluvert var rætt um ráðstefnuna og afmælishátíðina, t.d. skipulag dagskrár, upptöku á fyrirlestrum, aðstöðu fyrir félögin til að dreifa kynningarefni, kynningar á ráðstefnunni og auglýsingaefni, matseðil um kvöldið, væntingar um aðsókn, fyrirkomulag miðasölu o.fl. Fólk var hvatt til að vera virkt í að vekja athygli á þessari uppákomu, en auk þess hefur verið stofnuð n.k. áróðursnefnd, sem er í startholunum. Ekki er ætlunin að eyða miklu fé í kynningu, en þingmenn tóku að sér ákveðin landssvæði og bæjarhluta til að hengja upp auglýsingar, en auk þess hafa stakir þingmenn nú þegar gripið tækifæri sem gefist hafa til að koma ráðstefnunni á framfæri í ljósvaka- og prentmiðlum. Einnig var rætt um möguleika á fleiri ráðstefnum í framtíðinni, t.d. m. lengri fyrirlestrum þar sem tóm gefst til að fara dýpra í ákveðið efni. Þingmenn lýstu ánægju með að bandalagið skuli gert sýnilegt með þessum hætti, það veki aukið traust hjá neytendum.

Spurt var um skattamál, Anna Birna svaraði því til að fyrr en reglugerð frá Heilbrigðisráðuneyti, tryggingamál og skráning væru komin í höfn þýði ekkert að biðja skattinn um undanþágu frá virðisaukaskatti, þetta væri eins konar pattstaða. Horfur eru þó á að Ríkisskattstjóraembættið muni að endingu verða á okkar bandi.

Ólafur Þór Jónsson vakti máls á gjaldtöku fyrir nudd héraendis, bilið væri mjög breitt, allt frá 2.000 kr. til 9.000 fyrir einn tíma. Mismikið er þó innifalið í tímanum, sums staðar aðgangur að gufubaði, heilsurækt o.fl. Hann minnti þingmenn á að fylgja verðlaginu í landinu og nefndi að iðnaðarmenn hefðu að jafnaði hækkað tímakaupið úr 3.000 í fyrra í 4.500 í dag. Hallfríður minnti þó á að lögum samkvæmt væri verðsamráð ólöglegt.

## 9. Þingslit

Þingi var slitið kl. 20:30.

Birna Imsland  
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir  
formaður

**Þingið sátu:**

Frá Aromatherapyfélagi Íslands, ATFÍ:

- Guðrún Ragnarsdóttir
- Linda Sveinbjörnsdóttir
- Selma Júlíusdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhryggsgjafnara:

- Halla Matthildur Eiríksdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir
- Sæunn Óladóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Anne May Sæmundsdóttir
- Guðbjörg Hafsteinsdóttir
- Hallfríður María Pálsdóttir
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir
- Ólafur Þór Jónsson

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Elísabet S. Jónsdóttir
- Guðbrandur Einarsson
- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- Laufey Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Guðný Halla Gunnlaugsdóttir
- Lilja Oddsdóttir
- Rannveig Björnsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Birna Imsland
- Bylgja Matthíasdóttir
- Guðný Ósk Diðriksdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Ásta Agnarsdóttir
- Emelía Hildur Einarsdóttir
- Svava H. Svavarsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Jarþrúður Jónasdóttir
- Katrín Ingibergsdóttir
- Linda Björk Birgisdóttir
- Sigrún Sól Sólmundsdóttir